


The background features a complex, abstract geometric pattern of overlapping rectangular and square shapes, creating a sense of depth and perspective. The colors transition from a vibrant green on the left to a deep blue in the center, and finally to a dark purple on the right. The pattern consists of various rectangular blocks, some of which are slightly offset from each other, creating a 3D effect. The overall composition is dynamic and modern.

**Spektrum.**  
hönnunarstofa

# Efnisyfirlit




1. Af hverju hönnunarstaðall?
2. Upphafið
3. Um okkur
4. Merkið
5. Litirnir
6. Letrið
7. Notkun merkisins
8. Notkunarreglur
9. Okkar sýn

# 1. Af hverju hönnunarstaðall?

## 1. Af hverju hönnunarstaðall?

Hönnunarstaðall er nauðsynlegt verkfæri til að tryggja að aðilar tengdir vörumerki séu á sömu blaðsíðu og hafi sama skilning á einkennum og ásýnd vörumerkis. Gott regluverk gerir öllum aðilum kleyft að viðhalda samræmdu útliti og að rödd fyrirtækis skili sér í gegnum öll samskipti. Lykilatriði í þessu eru að stefna , helstu gildi, tónn og persónuleiki haldist stöðug.

Þegar rödd fyrirtækis er samkvæm sjálfri sér eykur það verðgildi vörumerkis og leiðir af sér fagmennsku í samskiptum og aukið traust á vörumerkið.



## 2. Upphafið

### 2. Upphafið

# METNAÐUR REYNSLA SKAPANDI DRIFKRAFTUR

Sameiginleg reynsla og áhugi á að láta að okkur kveða í heimi hönnunar- og markaðsefnis varð til þess að Spektrum hönnunarstofa var stofnuð. Við höfum starfað í útgáfustarfsemi og auglýsingagerð síðastliðin 25 ár og teljum okkur hafa ferska sýn og gott auga fyrir hönnun. Kjörorðin eru metnaður, persónuleg og hnitmiðuð þjónusta og gefandi samstarf.

**Okkar drifkraftur felst í skapandi vinnu með áhugaverðum viðskiptavinum með það að leiðarljósi að gera gott markaðsefni.**



## 3. Um okkur

### 3. Um okkur



**Ari S. Arnarsson** - Hönnunarstjóri

Ari er reynslubolti á sviði hönnunar og hefur unnið á nokkrum af virtustu auglýsingastofum landsins innan Samtaka Íslenskra Auglýsingastofa. Ari er fjölhæfur, lausnamiðaður og nákvæmur hönnuður með yfir 15 ára reynslu af stórum sem smáum herferðum og verkefnum. Ari útskrifaðist með B.A. gráðu í Grafískri hönnun frá Listaháskóla Íslands árið 2010.



**Ísar Logi Arnarsson** - Ráðgjafi

Ísar er frumkvöðull með mikla reynslu af margvíslegri útgáfu, viðburðastjórnun og rekstri. Ísar hefur sinnt ritstjórnarstörfum, textasmíð, hugmyndavinnu og hefur látið að sér kveða í íslenska tónlistarheiminum. Ísar hefur stundað háskólanám í sálfræði, tölvufræði og hljóðfræði í Hollandi, og er sjálflærður í viðskiptum og verkefnastjórnun.

## 4. Merkið

**Spektrum.**

## 4. Merkið

Þegar nafnið og litapema var komið færðist hugmyndin alltaf nær og nær veruleikanum. Upp hófst hönnunarferlið þar sem allir krókar og kimar voru kannaðir og með því að varpa hugmyndum og útfærslum fram og til baka varð til hönnunarstofan Spektrum. Hlutverk merkisins er að miðla hugmyndafræði og litrófi okkar í þeirri hönnun og hugmyndavinnu sem stofan býður upp á.



### Fjölbreytileiki í notkun

Það er kostur við gott merki að það bjóði upp á ýmsar skapandi útfærslur. Hér t.d. er hægt að draga aðallitina þrjá út fyrir og þar með skapa áhugavert flæði. Einnig er hægt að nota einungis litina þrjá saman.

### Letrið í merkinu

Avant Garde stóð uppúr eftir mikla og ítarlega rannsóknarvinnu. Það er sterkt, stöndugt, áhrifaríkt og gerir merkið heildstætt og grípandi.

### ITC Avant Garde Gothic LT Bold

**Aa Bb Cc Dd Ee Ff Gg Hh Ii Jj Kk Ll Mm  
Nn Oo Pp Qq Rr Ss Tt Vv Ww Xx Yy Zz  
1 2 3 4 5 6 7 8 9 0**

<b>Minnsta notkun merkisins</b>	
Á vefnum - 110px	Í prenti - 25mm
<b>Spektrum.</b>	<b>Spektrum.</b>

### Ensk útgáfa

Sérstök útgáfa fyrir heimsyfirráðin.

**Spektrum.**  
design studio

**Spektrum.**  
design studio

### Útfærslur af merkinu

Hér eru mismunandi útfærslur af notkun merkisins við ólíkar aðstæður:

**Spektrum.**

Grunnmerkið er einfalt og stílhreint og er notað þegar aðrir þættir eins og aðallitirnir okkar þrír eru vel sýnilegir í hönnuninni.

**Spektrum.**  
hönnunarstofa

Undirtitlinum er bætt við í þeim tilfellum þegar frekari skýringa á starfsemi fyrirtækisins er þörf eða samhengi kallar á það.

**Spektrum.**  
hönnunarstofa

Þessi útgáfa er með öllum þáttum saman, þar sem nafn, undirtitill og þrír aðal litir merkisins koma fram.

### Notkun á ljósum bakgrunni:

**Spektrum.**  
hönnunarstofa      **Spektrum.**  
hönnunarstofa


### Notkun á dökkum bakgrunni:



## 5. Litirnir







### 5. Litirnir

Litapalletta Spektrum eru þeir þrír litir af gríðarstóru litrófinu sem okkur finnst henta hugmyndafræði og ásýnd stofunnar. Græni liturinn táknar opinn huga, ferskar hugmyndir, leikgleði, ævintýragirni og endurnýjun. Blái liturinn táknar stöðugleika, öryggi, áreiðanleika og er jafnframt litur himins og hafs og býr yfir ró og styrkleika. Djúpblái liturinn táknar dýpt og visku, kröftugleika og traust. Hann er fágaður, sígildur og strangheiðarlegur.









### Aðallitir og litaafbrigði

Litapalletta Spektrum nýtur aðstoðar léttari afbrigða sem virka vel með aðallitunum og hafa þann tilgang að veita þeim áherslu og samhljóm.

		
<b>CMYK</b> 80, 10, 45, 0 <b>RGB</b> 0, 167, 157 <b>PANTONE</b> 3262 U <b>HEX</b> #08a49c	<b>CMYK</b> 85, 50, 0, 0 <b>RGB</b> 27, 117, 188 <b>PANTONE</b> 299 U <b>HEX</b> #2074bc	<b>CMYK</b> 100, 95, 5, 0 <b>RGB</b> 43, 57, 144 <b>PANTONE</b> 286 U <b>HEX</b> #303c94
		
<b>CMYK</b> 39, 0, 18, 0 <b>RGB</b> 152, 214, 213 <b>PANTONE</b> 317 U <b>HEX</b> #a0d4d4	<b>CMYK</b> 40, 8, 0, 0 <b>RGB</b> 145, 201, 237 <b>PANTONE</b> 2905 U <b>HEX</b> #98ccec	<b>CMYK</b> 47, 37, 0, 0 <b>RGB</b> 138, 150, 203 <b>PANTONE</b> 659 U <b>HEX</b> #9094cc

### Stoðlitir og litaafbrigði

Hlutverk stoðlitanna er að auka möguleikana á fjölbreytni í hönnun og framsetningu á vörumerkinu Spektrum. Þeir eru í góðu samtali við aðallitina og gefa þeim lífskraft og ástríðu.

		
<b>CMYK</b> 1, 92, 27, 0 <b>RGB</b> 235, 56, 119 <b>PANTONE</b> 806 U <b>HEX</b> #f03c74	<b>CMYK</b> 41, 91, 0, 0 <b>RGB</b> 160, 61, 150 <b>PANTONE</b> Purple U <b>HEX</b> #a83c94	<b>CMYK</b> 73, 99, 7, 1 <b>RGB</b> 105, 45, 136 <b>PANTONE</b> Violet U <b>HEX</b> #702c84
		
<b>CMYK</b> 4, 43, 0, 0 <b>RGB</b> 234, 164, 201 <b>PANTONE</b> 516 U <b>HEX</b> #f0a4cc	<b>CMYK</b> 20, 51, 0, 0 <b>RGB</b> 199, 141, 190 <b>PANTONE</b> 2562 U <b>HEX</b> #c88cbc	<b>CMYK</b> 38, 50, 8, 0 <b>RGB</b> 163, 148, 178 <b>PANTONE</b> 2645 U <b>HEX</b> #a884b4



## 6. Letrið

### 6. Letrið

Við val á letri fyrir Spektrum vildum við læsilega og stílhreina leturgerð sem er í senn nútímaleg og fágúð, auk þess að virka vel bæði í smáu letri og sem fyrirsagnaletur. Metropolis, sem var hannað af Chris Simpson árið 2015 býður upp á margbreytilega notkun og virkar jafn vel hvort sem það er á prenti eða á skjámiðlum.

**METROPOLIS**  
metropolis  
*metropolis*

#### Metropolis Light

Aa Bb Cc Dd Ee Ff Gg Hh Ii Jj Kk Ll Mm  
Nn Oo Pp Qq Rr Ss Tt Vv Ww Xx Yy Zz  
1 2 3 4 5 6 7 8 9 0

#### Metropolis Regular

Aa Bb Cc Dd Ee Ff Gg Hh Ii Jj Kk Ll Mm  
Nn Oo Pp Qq Rr Ss Tt Vv Ww Xx Yy Zz  
1 2 3 4 5 6 7 8 9 0

#### Metropolis Medium

Aa Bb Cc Dd Ee Ff Gg Hh Ii Jj Kk Ll Mm  
Nn Oo Pp Qq Rr Ss Tt Vv Ww Xx Yy Zz  
1 2 3 4 5 6 7 8 9 0

#### Metropolis Bold

**Aa Bb Cc Dd Ee Ff Gg Hh Ii Jj Kk Ll Mm  
Nn Oo Pp Qq Rr Ss Tt Vv Ww Xx Yy Zz  
1 2 3 4 5 6 7 8 9 0**



#### Metropolis Black

**Aa Bb Cc Dd Ee Ff Gg Hh Ii Jj Kk Ll Mm  
Nn Oo Pp Qq Rr Ss Tt Vv Ww Xx Yy Zz  
1 2 3 4 5 6 7 8 9 0**

# 7. Notkun merkisins

## 7. Notkun merkisins

Reynslan hefur sýnt að meðhöndlun á vörumerkjum á það til að vera ansi frjálstleg og oft ekki í samræmi við upprunalega hönnun. Hér má sjá nokkur dæmi um ólíka og jákvæða notkun þar sem verið er að vinna með og draga fram skapandi lausnir úr frumpáttum merkisins og útfærslur sem eru sérsniðnar hverjum miðli.



## 8. Notkunarreglur

### 8. Notkunarreglur

Og hér komum við að dekkri hliðum í meðhöndlun á vörumerkinu með nokkrum góðum dæmum sem sýna verstu og mest hrollvekjandi martraðir hönnuðarins.

#### Ekki gera þetta!

1. Halla eða snúa merkinu á neinn hátt
2. Stækka eða minnka merkið í röngum hlutföllum
3. Breyta litum merkisins
4. Að reyna að endurgera merkið
5. Gera breytingar á letri merkisins
6. Setja effekta á merkið
7. Setja útlínur á merkið
8. Nota merkið póstíft ofan á dökka ljósmynd
9. Setja aðra þætti (t.d letur) inn í rými merkisins
10. Skera af merkinu á neinn hátt

#### Friðaða svæðið (exclusion zone)

Engir utanaðkomandi hönnunarþættir skulu vera innan skilgreinds ramma. Það er gert svo að merkið fái að anda og njóta sín.



## 9. Okkar sýn


### 9. Okkar sýn


# SAMVINNA

ÁRANGUR  
SKILNINGUR  
TRAUÐ

Við viljum vera stoltir af verkum okkar og vera í farsælu og uppbyggilegu samstarfi. Metnaður okkar felst í því að vera vel upplýstir um nýjustu straua í hönnun en einnig virða gömul klassísk gildi. Góð liðsheild og samvinna, þar sem traust og skilningur ríkir, er lykillinn að árangursríku tengslaneti.

Við leiðum hönnunarferlið af staðfestu og öryggi, veitum persónulega og markvissa þjónustu og erum sveigjanlegir þegar kröfur viðskiptavinarins eru annars vegar.





Spektrum hönnunarstofa | 792 1050 | [www.spektrumdesign.is](http://www.spektrumdesign.is) | [spektrum@spektrumdesign.is](mailto:spektrum@spektrumdesign.is) | 